



Áveitan

9. tbl. 14. árgangur. September 2020

Flóamótið 2020

Við stefnum á að halda Flóamótið í ár föstudaginn 11. september strax að lokinni kennslu í Flóaskóla kl 14.

Mótið er fyrir alla krakka á grunnskólaaldri og keppt verður í 60 metra hlaupi, langstökki, skutlukast/kúluvarpi og 400 m hlaupi.

Allir keppendur fá viðurkenningu fyrir þátttökuna og að keppni lokinni býður Umf. Þjóttandi upp á grillaðar pylsur og drykki.

Börn í 1.-3. bekk þurfa að vera í umsjón forráðamanns á mótinu, og við biðjum alla foreldra sem geta að mæta á mótið og bjóða sig fram sem starfsmenn svo dagurinn gangi sem best.

Athugið að ef veður verður slæmt þennan dag verður mótinu slegið á frest.

Stjórn Umf. Þjóttanda



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Vinnuskóli Flóahrepps var vel sóttur en þar voru allt að 30 starfsmenn þegar flest var. Flóahreppur þakkar þessum frábæra hópi og flokkstjórunum þeim Kristínu Lilju, Ingibjörgu og Andreu fyrir vel unnin störf. Allir skiluðu sínum verkum með miklum sóma og samskipti öll hin ánægjulegustu. Flóahreppur bauð í upphafi sumars upp á störf fyrir námsmenn í samstarfi við Vinnumálastofnun en engar umsóknir bárust.

Það er ánægjuleg staðreynd að atvinnuleysi í Flóahreppi er með því lægsta sem sést á landsvísu og munar þar um fjölbreytileika atvinnufyrirtækjanna og sókn íbúa í Flóahreppi í fjölbreytt störf. Atvinnuleysi í ágústmánuði er áætlað 3,3 % í sveitarfélaginu sem verður að teljast lítið miðað við þær aðstæður sem hafa skapast í veröldinni allri vegna Covid – 19. Svæðið hefur heldur ekki þurft að glíma við hópsýkingar vegna veirunnar sem hefðu haft áhrif á atvinnulífið. Miklu máli skiptir varkárni og ábyrg hegðun ykkar allra við smitvarnir. Takk enn og aftur fyrir það.

Sumarið er búið að vera hagstætt fyrir þá sem stunda landbúnað og haustið á næsta leyti með sínum sérkennum. Árstíðabundin verkefni einkenna bæði atvinnu og mannlífið í sveitinni. Bændur og búalið hafa lagt kapp á að nýta tímann vel í sumar til þess að undirbúa sig fyrir veturinn, seinni slætti að ljúka og garðyrkjubændur farnir að uppskera. Leikskóli og grunnskóli eru vel mannaðir og hlutfall starfsmanna með full réttindi til kennslu hefur aukist í báðum skólunum. Í Krakkaborg byrja nú 40 nemendur og 110 í Flóaskóla.

Framundan eru göngur og réttir og vinna bændur ötullega að undirbúningi þeirra. Það er ljóst að þessi viðburður verður með mikið breyttu sniði og ekki hægt að leyfa gestakomur. Það eru auðvitað vonbrigði því allir hafa alltaf hlakkað mikið til haustsins vegna fjallferða og rétta en við verðum að halda áfram að sýna samstöðu í baráttu við veiruna og halda áfram að verja okkur sjálf, íbúa og atvinnulífið um leið.

Við lifum á fordæmalausum tímum og erum að feta okkur áfram skref fyrir skref í óvissunni. Þegar við glímum við vágast eins og banvæna veiru sem ekki eru til nein lyf ennþá við þá er það eðlilegt. Það er líka eðlilegt að við séum óörugg í þessum aðstæðum. Við erum óörugg vegna okkar sjálfra og líka vegna nákominna ættingja sem mögulega eru að glíma við undirliggjandi sjúkdóma. Smit af Covid 19 gæti mögulega haft áhrif á lífsgæði þó bati náist. Langvarandi einangrun þessa hóps eða takmörkuð samskipti er ekki heldur góður kostur og reynir á alla.

Áður en Covid 19 fór að berast um heiminn var farið að bera á atvinnuleysi vegna fjórðu iðnbyltingarinnar sem er orðin staðreynd. Tölvur og rafræn samskipti eru smátt og smátt að breyta öllu atvinnuumhverfi og útrýma ákveðinni gerð af störfum. Það reynir því á okkur að nýta vel þau tækifæri sem nærumhverfið býður uppá, stíga skref í átt til nýsköpunar, bæta nýtingu og auka verðmæti framleiðsluvara. Það er líka svo sannarlega í takt við þær línur sem eru lagðar í stefnu Flóahrepps sem byggir á „Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna“.

Við hvetjum ykkur til þess að kynna ykkur stefnu Flóahrepps á grundvelli Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna og nýta til góðs í ykkar rekstri og daglegu lífi. Stefnan er birt á netmiðlum sveitarfélagsins.

Á næstu mánuðum er gert ráð fyrir samráði við atvinnufyrirtæki í sveitarfélaginu um undirritun viljayfirlýsingar vegna aðlögunar að heimsmarkmiðum, en nánar um það síðar í haust. Viljayfirlýsing fyrirtækja um að þau hafi heimsmarkmið að leiðarljósi gæti greitt götu fyrirtæka í nýsköpun og opnað fleiri leiðir að styrkjum.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Pistillinn

Hann Gunnar á Arnarstöðum vísaði á mig sem næsta pistlahöfund, ég ætla að reyna að bregðast við því.

Ég ætla að byrja á að lýsa ánægju minni með Áveituna, þetta er ómetanleg viðburðaskrá. Þegar maður lætur hugann reika um Flóahrepp þá er með ólíkindum fjölbreytt þjónusta sem er í boði í sem flestum greinum, framleiðsla á listmunum, þar með talinn allur þrjónaskapurinn-auðvitað telst hann til lista. Ekki má gleyma allri matvælaframleiðslunni sem er býsna mikil í fjölmörgum greinum. Flóinn er gott svæði en ekki allsstaðar auðveldur til túnræktar, en þá komu skurðirnir og framræslan til sögunnar og það bjargaði málunum, því segi ég: Ekki moka ofan í skurðina!

Árið 1947 gaus Hekla, þá var ég 9 ára og man það eins og það hefði verið í gær. Þetta var óskaplegt sjónarspil, eldstólpinn langt upp í loftið og drunurnar óskaplegar. Örlítið öskufall varð hér en ekki til neinna skemmda en síðan lítur maður til Heklu með óttablandinni virðingu.

Mörgu væri hægt að segja frá á liðnum áratugum en nú er rétt að setja punkt. Ég ætla að biðja Einar í Egilsstaðakoti að rita næsta pistil, ég veit hann skrifa eitthvað fjörlegt.

Kær kveðja,

Óli Bollastöðum

Við leitumst eftir því að kaupa fasteign í Flóahreppi. Skoðum eftirfarandi: íbúðarhús, stök útihús, land eða rekstur.

Kristinn (s: 869 7625) og Erla (s: 849 0502)

Fréttir af skólastarfi

Skólaárið hófst í Flóaskóla með skólasetningu þann 21. ágúst s.l.. Þann dag komu nemendur skólans og hittu umsjónarkennarann sinn, þeir yngri með forráðamanni en eldri nemendurnir komu einir. Aldrei hafa fleiri nemendur stundað nám við skólann en 112 nemendur eru skráðir í skólann í upphafi vetrar.



Ráðningar fyrir skólaárið gengu vel og er fjöldi starfsmanna nú 31 í hinum ýmsu störfum. Breytingar hafa orðið á stjórnun skólans en í lok síðasta skólaárs var auglýst staða aðstoðarskólastjóra og var Jónína Ósk Ingólfssdóttir ráðin í starfið frá og með 1. ágúst.

Skólastarfið fer vel af stað, veðrið hefur leikið við okkur og áhersla á að nýta það í kennslunni. Við leggjum aukna áherslu úti- og grenndarnám að hausti með því að njóta náttúrunnar í útiveru og gönguferðum. Í fyrstu skólavikunni fóru allir nemendur í styttri eða lengri gönguferðir. Ferðirnar voru misjafnar eftir aldri nemenda en yngstu nemendurnir fóru að Uppsölum og gengu upp á Háaleiti. Nemendur 4.-6. bekkja örkuðu upp á Vörðufell og tóku stöðuna á berjunum í leiðinni. 7. og 8. bekkur lagði leið sína í Þjórsárdal og skoðuðu Stöng ásamt því að ganga yfir í Gjána að skoða náttúruna og vaða í ísköldu vatninu. Elstu nemendur skólans fóru upp í Þórsmörk og gistu eina nótt. Er þar um að ræða samstarfsverkefni Flóaskóla og félagsmiðstöðvarinnar Zone. Í ferðinni var hver mínúta skipulögð og gengu nemendur meðal annars á Valahnúk, inn í Stakkholtsgjá og Nauthúsagil ásamt ýmsum leikjum þar sem áherslan er á að efla hópinn. Ferðir sem þessar skipta miklu máli í vinnu með nemendum og eflir samkennd og samskipti nemenda og starfsfólks. Starfsmenn eru á eitt sáttir með að ferðir sem þessar séu komnar til að vera og er þegar farið að leggja drög að ferðum næsta árs.

Framundan er skólalagd með nokkuð hefðbundnum hætti og eru margskonar verkefni framundan líkt og samræmd próf, ferðir í skólabúðir á Reykjum og Laugarvatni, Grænánaverkefnið, smastarf við Krakkaborg og fleira skemmtilegt.

Með kveðju frá starfsmönnum Flóaskóla

📍 Adeins 35 mín. frá Reykjavík

FERÐ Í RAUFARHÓLSHELLI ER

mögnuð upplifun



The highlight of our Iceland trip!



The "Must See" event in Iceland

Umsagnir frá TripAdvisor



THE
LAVA
TUNNEL

Fyrir frekari upplýsingar og bókanir:
thelavatunnel.is

☎ 760 1000
info@thelavatunnel.is

Sá ég spóa suðrí Flóa 2020

Nú er komið að því að tilkynna það sem allir hafa beðið eftir, vinningshafann í útvistarverkefni sumarsins. Vinningurinn er ekki af verri endanum, gjafabréf fyrir fjóra í Raufarhólshelli.



Þátttakendur í verkefninu í ár voru fjölmargir og var alls skrifað 1.184 sinnum í gestabækurnar. Flestir skrifuðu í bókina við Urriðafoss eða 580 manns en næst kom Knarrarósviti með 250 nöfn. 47 manns skrifuðu í 5 eða 6 bækur og komust þannig í pottinn. Vinningshafinn í ár er:

Steinunn Lilja Kristinsdóttir

Kolsholti I,

og óskum við henni hjartanlega til hamingju með vinninginn.

Að lokum viljum við þakka landeigendum sérstaklega fyrir að vilja hleypa göngufólki inn á lönd sín og gera okkur þannig kleift að standa fyrir verkefninu.

Stjórn Umf. Þjótanda.

Frá Flóakorni

Kornskurðartímabilið er óðum að hefjast og býður Flóakorn upp á þreskingu og völsun líkt og áður.

Kristinn Matthías Símonarson s. 8697625 hefur umsjón með þreskivélinni og heldur utan um pantanir.

Æskilegt er að áætlaður fjöldi ha sem á að slá, yrki og aðrar nauðsynlegar upplýsingar fylgi pöntunum.

Stjórnin



Aðalfundur Skógræktarfélag Villingaholtshrepps

Stefnt er að því að halda aðalfund skógræktarfélagins, sem frestað var í vor, sunnudagsmorguninn 20. september kl 10:30. Fundurinn verður haldinn í Skagás svo fundargestir geti viðhaldið sínum tveimur metrum.

Ritari og gjaldkeri félagsins, Kolbrún Júlíusdóttir, hyggst segja af sér á komandi aðalfundi. Þau sem hafa áhuga á að bjóða sig fram í hennar stað mega gjarnan hafa samband við Erlu Björg Aðalsteinsdóttur (s: 849 0502).

Skógræktarfélagið var fyrst stofnað árið 1951 og verður því 70 ára á næsta ári. Á meðal hefðbundinna fundarstarfa verður því einnig rætt um hvernig ætti að fagna þeim áfanga. Félagsmenn og áhugasamir eru hvattir til að koma og taka þátt í starfi félagsins og móta áherslur félagsstarfsins.

Dagsetning er sett fram með fyrirvara um veður. Frekari upplýsingar verða settar á facebook-síðu félagsins þegar nær dregur.

Stjórnin

Fréttir af íþróttamótum

Þjótandi átti fjóra vaska keppendur á Unglingamóti HSK á dögnum. Allir náðu að landa HSK meistaratitli en það voru þeir Stefán Narfi Bjarnason í kúluvarpi 20-22 ára með 10,63 metra, Brynjar Jón Brynjarsson í kúluvarpi 18-19 ára með 9,57 metra, Einar Árni Ólafsson í kúluvarpi 16-17 ára með 14,75 metra sem er persónlegt met, og Sigurjón Reynisson í 800 m hlaupi 15 ára á tímanum 2:32,96 mín.

Unglingameistaramót Íslands fór fram 18. júlí og þar átti Þjótandi 2 keppendur í liði HSK, þá Einar Árni og Stefán Narfa. Báðir komust á pall í sínum greinum, og Einar Árni gerði sér lítið fyrir og vann Íslandsmeistaratitil í kúluvarpi 16-17 ára þegar hann kastaði 13,85 metra. Frábær árangur hjá Einari.

Öll nánari úrslit af þessum mótum má sjá inni á mótaforriti FRÍ, fri.is

Vetrarstarf Þjótanda 2020-2021

Nú fer vetrarstarf Þjótanda að rúlla af stað. Æfingátímar verða þessir í vetur:

Æfingar fyrir **1.– 3. bekk** verða eins og síðustu ár innan stundatöflu Flóaskóla. Æfingarnar verða á föstudögum, hefjast eftir hádegismat og verða til kl. 13:45. Æfingarnar verða fyrst um sinn haldnar á íþróttasvæðinu við Þjórsárver en færast yfir í Þingborg þegar veður vesnar. Fyrsta æfing 11. september.

Æfingar fyrir nemendur í **4.–6 . bekk** verða í Þingborg á mánudögum frá klukkan 14:30 – 16:00. Allir geta fengið far með skólabíl á æfinguna, en foreldrar sækja svo börnin í Þingborg að æfingu lokinni. Fyrsta æfing 7. september.

Æfingar fyrir nemendur í **7.-10. bekk** verða í Þingborg á föstudögum eftir skóla frá 14:30-16:00. Einhver pláss verða í skólabíl en flestir þurfa að gera aðrar ráðstafanir. Foreldrar eru hvattir til að tala sig saman um að keyra. Fyrsta æfing verður 11. september.

Þjálfari er Örvar Rafn Hlíðdal. Á íþróttæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálssar íþróttir.

Glímuæfingarnar hefjast 7. september og eru auglýstar á baksíðu.

Allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálssar eins og áður.

Fréttir frá Krakkaborg



Að loknu sumarleyfi mættu hressir krakkar og fullorðnir í leikskólann. Suma bjóðum við velkomna aftur og aðra í fyrsta sinn. Aðlögun nýrra nemenda er að mestu lokið og þrátt fyrir auknar smitvarnir og minni samveru fullorðinna gengur allt vel. Í stað upplýsingafunda fá foreldrar sendar kynningar á skólastarfinu í tölvupósti.

Veðurguðirnir hafa farið um okkur mildum höndum og allir notið þess að verja sem allra mestum tíma utandyra í fríska loftinu.

Krakkaborg flaggar Grænfána í annað sinn þann 10. september. Við erum stolt af því að hafa unnið okkur inn réttinn til þess og höldum ótrauð áfram með umhverfismennt, s.s. grænmetisræktina, skógarferðirnar og að nýta ýmislegt sem til fellur í listsköpun og skapandi leik.

Fataskiptimarkaður leikskólans er farinn af stað aftur eftir sumarfrí, en þar geta foreldrar fundið föt á sín börn sem og gefið á skiptimarkaðinn barnaföt sem ekki nýtast lengur á þeirra heimili. Markaðurinn er tæmdur tvisvar á ári, í nóvember og fyrir sumarfrí.

14. september hefst skipulögð kennsla samkvæmt dagskipulagi deildanna en við höldum auðvitað áfram að vera úti bæði fyrir og eftir hádegi.

Bestu kveðjur,
nemendur og starfsmenn Krakkaborgar

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

21. september kl. 20.00 verður hannyrðakvöld (Gaman saman) í Þjórsárveri, þær mæta sem geta með eða án hannyrða (líka gaman að hittast). Nóg pláss og auðvelt að halda fjarlægð.

12. október stefnum við á haustfund, nánar auglýst í næstu Áveitu. Á stefnuskrá er Basar 7. nóvember, við sjáum hvernig málin þróast í samfélaginu hvort hægt verði að halda hann eður ei.

Kveðja, stjórnin

Kveðja frá flokkstjórum vinnuskólans

Við flokkstjórar vinnuskóla Flóahrepps 2020 viljum þakka samstarfsfélögum okkar kærlega fyrir frábært og skemmtilegt sumar. Algjör forréttindi að fá að vinna með svona duglegu, jákvæðu og skemmtilegu ungu fólki. Við tókum að okkur ýmis fjölbreytt verkefni í sumar með það að markmiði að gera fallega sveitarfélagið okkar enn snyrtilegra. Okkur langaði að deila með ykkur nokkrum myndum frá starfinu í sumar en þær sýna aðeins brot af þeim verkefnum sem við tókum að okkur.

Takk fyrir gott sumar,

Kristín Lilja, Andrea Björk og Ingibjörg Hugrún

Flokkstjórar Vinnuskóla Flóahrepps



Glímuæfingar

Glímuæfingar hjá Umf. Þjótanda hefjast nú að nýju eftir sumarhlé og verða sem hér segir:

1. til 4. bekkur: Mánudagskvöld kl.19:30 til 20:30 í Félagslundu.
5. til 10. bekkur: Þriðjudagskvöld frá 19:30 til 21:00 í Félagslundu.

Þjálfari er sem fyrr Stefán Geirsson og honum til aðstoðar er Sigurður Emilsson.

Allir krakkar velkomnir, nánari upplýsingar gefur Stefán í síma 867-6907.

Fyrsta æfing verður á mánudagskvöldið 7. september.

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing yngri	7. september
Æfing 4.-6. bekkur	7. september
Glímuæfing eldri	8. september
Flóamótið	11. september
Glímuæfing yngri	14. september
Æfing 4.-6. bekkur	14. september
Glímuæfing eldri	15. september
Æfing 7.-10. bekkur	18. september
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingah.hr.	20. september
Hannyrðakvöld í Þjórsárveri	21. september
Glímuæfing yngri	21. september
Æfing 4.-6. bekkur	21. september
Glímuæfing eldri	22. september
Æfing 7.-10. bekkur	25. september
Glímuæfing yngri	28. september
Æfing 4.-6. bekkur	28. september
Glímuæfing eldri	29. september



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160